

## **11. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 29.12 2010, Végarði kl. 13.30**

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnarmenn

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá**

- 1. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2011, síðari umræða**  
Fjárhagsáætlanir stofnana 2011: Minjasafn Austurlands, HAUST, Brunavarnir á Austurlandi, Brunavarnir á Héraði, Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, Hallormsstaðaskóli, SSA.
- 2. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun**  
Greinagerð um verkefni 2010
- 3. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**  
Nýir samningar og samþykktir fyrir félagsþjónustunefnd
- 4. Landamerkjaskráning í Fljótsdalshreppi**  
Tilboð í skráningu og frágang skjala
- 5. Bréf**
  - a) Vegagerðin , dags 13.12
  - b) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.12
  - c) BSRB, dags. 15.12
- 6. Fjárbeiðnir**
  - a) Skáksamband Austurlands
  - b) Guðrún Sigurðardóttir
- 7. Fundargerðir**
  - a) HAUST 15.12
  - b) Bygginganefnd Fljótsdalshrepps 16.12
  - c) Almannaþingarnefnd 10.12
  - d) Brunavarnir á Austurlandi 03.12
  - e) Þróunarfélag Austurlands 08.12
  - f) SSA 08.12
- 8. Önnur mál**

#### **1. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2011, síðari umræða**

Fjárhagsáætlanir stofnana 2011: Minjasafn Austurlands, HAUST, Brunavarnir á Austurlandi, Brunavarnir á Héraði, Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, Hallormsstaðaskóli, SSA.

Fjárhagsáætlun Minjasafns 2011 samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps verður kr. 1.186.177-

Fjárhagsáætlun HAUST 2011 samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps verður kr. 560.695-  
Sveitarfélagið endurrúkkar hluta kostnaðar hjá starfandi fyrirtækjum í sveitinni.

Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2011 samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps verður kr. 2.924.004-

Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2011 samþykkt, skipting framlaga liggur ekki fyrir.

Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2011 samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps kr. 1.244.806-

Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2011 samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps í rekstri (án innri leigu) verður kr. 35.382.500,-  
Hlutur Fljótsdalshrepps til SSA árið 2011 verður kr.266.255-

Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2011 lögð fram til síðari umræðu og samþykkt samhljóða.

Niðurstaða fjárhagsáætlunar 2011 er að rekstur aðalsjóðs verði jákvæður um 12,7 millj. rekstur eignasjóðs verði jákvæður sem nemur 5,3 millj og rekstur á félagslegum íbúðum ( B- hluti) verði neikvæður um 1,2 millj . Afskriftir eru áætlaðar 15,3 millj. Rekstrarniðurstaða ársins (A og B hluti ) er áætluð jákvæð 16,8 millj.

Eignir er áætlaðar að verði 735,9 millj í árslok og skuldir og skuldbingar 40,3 millj. Afborgun lána 2011 um 12,2 millj. Fjárfestingar 2011 eru áætlaðar 125,7 millj. Helstu fjárfestingar eru að ljúka á byggingu Laugarfellsskóla og ganga frá umhverfi skólans, stefnt er að endurnýjun gangnamannaáðstöðu í Fjallaskarði, leggja á bundið slitlag á veg í Múla sem undirbyggður var 2010 , endurbæta heimreiðir og plön á 3 bæjum og hefja framkvæmdir við reiðvegagerð. Einnig verður lokið við að leggja ljósleiðara í Suðurdal, en því verki tókst ekki að ljúka fyrir áramót. Einnig er áætlaðar fjárfestingar vegna meiri háttar viðhalds eigna á Hallormsstað, gistihúsum, Végarði og lóð. Engin lántaka er fyrirhuguð árið 2011 og framkvæmdir fjármagnaðar af eigin fé sveitarfélagsins. Áætlað er að handbært fé í árslok 2011 verði 204 millj.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember 2010 er verið að undirbúa stofnun einkahlutafélags um eignir sveitarfélagsins í gistirekstri. Í framlagðri fjárhagsáætlun er ekki tekið tillit til áhrifa sem verða við stofnun félagsins, en gert ráð fyrir að fjárhagsáætlunin verði tekin upp og endurskoðuð þegar þau áhrif liggja fyrir.

## **2. Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun.**

Greinagerð um verkefni 2010. Kynnt.

## **3. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs**

Nýir samningar og samþykkt fyrir félagsþjónustunefnd.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti framlagðan samninga og samþykktir og felur oddvita að skrifa skjölin fyrir hönd sveitarfélagsins.

*Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis*

## **4. Landamerkjaskráning í Fljótsdalshreppi**

Tilboð í skráningu og frágang skjala.

Tvö tilboð bærust í skráningu landamerkja í sveitarfélaginu, frá Mannvit verkfræðistofa og Verkís/Landnot ehf.

Samþykkt var að ganga til samninga við Mannvit á grundvelli tilboðs 1.

*Jóhann kom aftur til fundar.*

## **5. Bréf**

- a) Vegagerðin , dags 13.12. Vegagerðin tekur undir að þörf sé á endurbótum við Jökulsárbrú til að bæta umferðaröryggi og reiknar með að verkefnið verði tekið inn á viðhaldsáætlun fyrir 2011.
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.12. Varðar verkfallslista. Kynnt.
- c) BSRB, dags. 15.12. Varðar velferðarhlutverk sveitarfélaga. Kynnt.

#### 4. Fjárbeiðnir

- a. Skáksamband Austurlands. Sótt er um styrk vegna Íslandsmeistaramóts sem halda á á Austurlandi um páska 2011. -Samþykktur styrkur kr. 100.000-  
Í erindinu kemur fram að Skáksambands Íslands muni senda tvo menn austur til skákkenndu í vikutíma, fyrir mót. Sveitarstjórn bendir á þann möguleika að námskeiðið fari a.m.k. að hluta fram í Hallormsstaðaskóla þar sem mikil skákhefð er til staðar.
- b. Guðrún Sigurðardóttir. Óskar eftir styrk vegna útgáfu bókar um íslenskan útsaum. Samþykkt að kaupa 10 eintök af bókinni þegar hún kemur út.

#### 5. Fundargerðir

- a. HAUST 15.12. Kynnt.
- b. Bygginganefnd Fljótsdalshrepps 16.12. Fundargerðin staðfest. Formaður nefndarinnar er nú Jónas Hafþór Jónsson.
- c. Almannaþingarnefnd 10.12. Kynnt.
- d. Brunavarnir á Austurlandi 03.12. Kynnt.
- e. Þróunarfélag Austurlands 08.12. Kynnt.
- f. SSA 08.12. Kynnt.

#### 6. Önnur mál.

- a) Samþykkt að láta stoppa upp hvíta tófu sem Jónas Hafþór skaut upp við Laugarfell. Áætlaður kostnaður kr. 52.000-. Tófan verður svo geymd í nýjum fjallaskála inn við Laugarfell.
- b) Stofnað hefur verið einkahlutafélagið Laugargarður ehf um eignir hreppsins til gistireksturs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)